

Áveitan

12. tbl. 9. árgangur. Desember 2015

Stofnun Umf. Þjótanda

Ungmennafélagið Þjótandi var stofnað mánudaginn 16. nóvember í Félagslundu. Stofnfélagar voru 38 og það má með sanni segja að atburðurinn hafi verið stór stund í sögu hreppsins. Hinu nýja ungmennafélagi er ætlað að taka við verkefnum ungmennafélaganna Baldurs, Samhygðar og Vöku svo ungmenni sveitarinnar hafi sameiginlegan vettvang til þess að sinna íþróttá- og félagsmálum. Það er okkar von að Umf. Þjótandi verði jafn öflugt félag og fyrirrennarar sínir. Undirbúningsnefnd bar upp tillögu að bráðabyrgðastjórn á fundinum sem mun starfa fram að fyrsta aðalfundi félagsins. Stjórnin er þannig skipuð:

Formaður:	Guðmunda Ólafsdóttir
Ritari:	Magnús St. Magnússon
Gjaldkeri:	Lilja Ómarsdóttir
Varastjórn:	Baldur Gauti Tryggvason og Stefán Geirsson
Form. Íþróttanefndar:	Árni Geir Hilmarsson
Form. Skemmtinefndar:	Sveinn Orri Einarsson
Form. Ritnefndar:	Fanney Ólafsdóttir
Skoðunarmenn reikninga:	Hallfríður Aðalsteinsdóttir og Rannveig Árnadóttir.
Skoðunarmaður til vara:	Helga Sigurðardóttir

Stjórnin er nú þegar búin að funda einu sinni og er spennt fyrir komandi verkefnum. Fyrsti viðburður sem haldinn verður á vegum Umf. Þjótanda verður þrettándaglegði sem mun fara fram í Félagslundu föstudagskvöldið 8. janúar. Takið daginn frá!

Stjórnin



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Kæru íbúar

Það styttist í jól og áramót og starfið hjá Flóahreppi hefur einkennst af árstíðabundnum verkefnum. Auk þeirra er unnið að aðalskipulagsgerð fyrir Flóahreppi í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Sveitarstjórn hefur lokið Fjárhagsáætlanagerð og er gert ráð fyrir að Fjárhagsáætlun Flóahrepps vegna árána 2016 – 2019 verði afgreidd eftir seinni umræðu sveitarstjórnar á fundi 2. desember. Við fjárhagsáætlunargerðina er það haft að leiðarljósi að skila rekstrarafgangi ár hvert. Áfram er gert ráð fyrir sambærilegum framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og eru þau forsenda þess að sveitarfélagið veiti sömu þjónustu og verið hefur. Markmið hafa því verið sett um óbreytta þjónustu en að auki er til skoðunar að koma á föstu fyrirkomulagi varðandi akstur í frístundir bæði í Þingborg og á Selfoss.

Umsjónarmaður fasteigna ásamt húsvörðum og stjórnendum deilda hafa farið yfir ástand fasteigna og metið þörf fyrir viðhald og endurbætur. Samkvæmt því verður unnið að nauðsynlegum viðhaldsverkefnum og þeim forgangsraðað á næstu 4 ár. Hafnar verða endurbætur á húsnæði Gömlu Þingborgar og stefnt að viðgerðum á húsinu í áföngum. Húsnæðið var skoðað af Minjaverði Suðurlands og er gert ráð fyrir að endurbætur taki mið af því að húsið haldi upprunalegu útliti. Sótt hefur verið um framlag til Húsafríðunarsjóðs vegna verkefnisins. Bæta á aðstöðu félagsmiðstöðvar í Þjósárveri og er gert ráð fyrir endurbótum í kjallara hússins til þess að auka það rými sem ætlað er félagsstarfinu eingöngu auk þess að auðvelda nýtingu þess á skólatíma.

Launavinnsla fyrir Flóahrepp færirst 1. janúar 2016, inn á skrifstofu Flóahrepps eftir 5 ára útivistun hjá Hrunamannahreppi. Kolbrún Skúladóttir bókarar mun taka að sér launavinnsluna og eykst starfshlutfall hennar sem því munar. Starfsmönnum er bent á að snúa sér til Kolbrúnar eftir áramótin með athugasemdir og fyrirspurnir vegna launamála. Símanúmer Flóahrepps er 480 4370.

Flóahreppur stendur fyrir umhverfisátaki og kynnir Atvinnu- og umhverfisnefndin áherslur átaksins. Mánaðalega í Áveitunni. Skorað er á íbúa að leggja sitt að mörkum til þess að fegra umhverfi sveitarinnar í takt við þessar áherslur eftir því sem veður leyfir og mögulegt er.

Starfsmenn bæði skóla og leikskóla fóru til Brighton í námsferð og var því lokað í Krakkaborg og Flóaskóla dagana 25. – 27. nóvember.

Sveitarfélögin á Íslandi hafa ásamt Menntamálaráðherra skrifað undir Þjóðarsáttmála um læsi. Með undirritun sáttmálans var staðfestur sameiginlegur skilningur á því að læsi sé nauðsynlegt til virkrar þátttöku í samfélaginu þannig að hver og einn geti nýtt hæfileika sína sér og samfélaginu öllu til velferðar. Menntamálastofnun hefur með undirrituninni heitið sérstökum stuðningi til skólanna með aukinni ráðgjöf og greiningarvinnu. Þátttaka heimilanna er ómissandi í lestrarkennslunni og ég hvet ykkur til þess að lesa með börnunum heima, það er forsenda þess að góður árangur náist.

Framundan er aðventa jóla. Ósk mín er að þið fáið að njóta hennar með þakklæti í huga og stolti. Þakklæti fyrir friðinn sem við eigum ennþá í landinu okkar og stolti yfir því að vera þátttakendur í öflugu samfélagi, þar sem alltaf hefur verið sýnd aðgát í fjármálum og metnaður í þeim verkum sem eru í vinnslu hverju sinni. Það er eftir því tekið í nágrennasveitarfélögum að hér býr duglegt og hugmyndafrítt fólk. Hér starfa fyrirtæki sem hafa skarað fram úr hvert á sínu sviði á landsvísu. Kjörnar nefndir sveitarfélagsins sem vinna vel hver í sínum málaflokki. Búnaðarfélag og kvenfélög virk og það hefur vakið athygli að hér er nýstofnað ungmennafélag, Þjótandi, að stíga sín fyrstu skref. Innilega til hamingju með það. Margar hendur koma að þegar skipulagðar eru vel heppnaðar hátíðir eins og “Fjör í Flóa” og „Tónahátíð“ og treysti ég því að svo verði áfram. Umhverfismálum er vel sinnt og íbúar eru vel meðvitaðir um ábyrgð sína á því að skila góðu búi til næstu kynslóða. Metnaður, bjartsýni og kraftur einkennir starfsemi skóla og leikskóla þar sem allir sem einn, leggja áherslu á fagleg vinnubrögð. Í skólunum er mikill mannauður sem mikilvægt er að hlúa að og styðja í vandasömum verkefnum.

Með óskum um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

Sendum íbúum og öðrum lesendum nær og fjær innilegar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

*Sveitarstjórn, sveitarstjóri
og starfsfólk skrifstofu Flóahrepps*

Frá Umf. Vöku:

Skötuveisla í Þjósárveri

Venju samkvæmt ætlar Ungmennafélagið Vaka að standa fyrir sinni geysivinsælu skötuveislu í Þjósárveri á Þorláksmessu og hefst borðhald kl 12:00.

Boðið verður upp á gæða skötu ásamt meðlæti og einnig verður saltfiskur á boðstólum fyrir þá sem það kjósa.

Kaffi og konfekt eftir matinn. Verðið er eftirfarandi:

Fullorðnir 2200 kr

Börn 6 – 12 ára 500 kr

Börn yngri frítt

Gestir eru beðnir að athuga að best er að borga með reiðufé þar sem posinn er oft hægvirkur þennan dag.

Nú eru síðustu forvöð að mæta í skötuveislu sem haldin er af Ungmennafélaginu Vöku. Áhugasamir um uppvask eru svo hjartanlega velkomnir inn í eldhús að láta til sín taka áður en tólgín harðnar á diskunum. Vonandi sjáumst við sem flest.

Stjórn Umf. Vöku

Til félagsmanna Umf. Vöku

Nú hefur verið stofnað nýtt ungmennafélag í Flóahreppi sem á að taka við verkefnum félagana Baldurs, Samhygðar og Vöku. Borin verður upp tillaga á aðalfundi Vöku í janúar um að leggja niður félagið og láta eigur þess renna til Umf. Þjótanda. Það sama gildir um skráða félaga í Vöku en félagar þess munu sjálfkrafa færast í nýja félagið eftir að Umf. Vaka hefur verið lögð niður. Þeir félagar Umf. Vöku sem hafa ekki áhuga á því að færast yfir í nýtt félag eru hér með beðnir um að tilkynna það til gjaldkera félagsins, Hallfríðar Ó Aðalsteinsdóttur fyrir aðalfund félagsins í síma 845-9719 eða á netfanginu lyngh@emax.is. Aðalfundur Umf. Vöku verður haldinn 18. janúar en hann verður nánar auglýstur síðar.

Það er von mín að sem flest ykkar vilji halda áfram að starfa með okkur í nýju félagi og láta okkur njóta þess að hafa nöfn ykkar á félagatali hins nýja félags.

Fréttst hefur...

...að nokkrir sveinar leggi leið sína um gamla Villingaholtshreppinn á aðfangadagsmorgun eins og þeir hafa gert síðustu ár. Þeir áætla að vera

komnir í Súluholthverfið um 10 leitið og þræða síðan sveitabæina þaðan og enda á Urriðafossveginum. Stefna þeir að því að vera búnir að heimsækja alla krakka fyrir kl. 13:00.

Hallfríður í Lyngholti hefur tekið að sér enn eitt árið að vera umboðsmaður sveinanna en hún tekur við sendingum fyrir þá og skráir niður óskir um heimsóknir. Einnig er hægt verður að koma sendingum til skila í Skötuveislunni á Þorláksmessu.

Áthugið vel að jólasveinarnir eru einstaklega þrúðir og vel uppaldnir og eru ekkert að ónáða þá sem ekki vilja. Þeir heimsækja því einungis bæi þar sem óskað hefur verið eftir heimsókn frá þeim.

Árgjald

Ég vil minna félagsmenn á að greiða árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2015. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 1000 kr í ár. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is
Kennitala Umf. Vöku 471077-0389
Reikningur 0152-26-2216

Þorablót Gaulverja

Hið víðfræga Þorablót Gaulverja verður haldið í Félagslundum laugardaginn 6. febrúar 2016. Takið daginn frá, nánar auglýst síðar.

Nefndin.

Jólaball

Kvenfélög Gaulverjarbæjar- og Villingaholtshrepps halda sameiginlega jólatrésskemmtun í Félagslundi þriðjudaginn 29. desember klukkan 14:00. Dagskrá verður með svipuðu sniði og undanfarin ár og eru gestir beðnir um að koma með bakkelsi á sameiginlegt kökuhlaðborð. Boðið verður upp á gos, kaffi og te og fá börnin glaðning frá jólasveininum. Aðgangseyrir er 500 kr fyrir alla eldri en 6 ára.

Um kvöldið, klukkan 20:30, verður spiluð félagsvist í Félagslundi um veglega vinninga.

Jólakveðja til allra sveitunga.
Kvenfélögin



Átt þú gamla tölvu, spil, púsl eða dót sem þú þarft að losna við?

Kæru sveitungar. Okkur í Flóaskóla langar til að athuga hvort þið lumið á gömlum tölum eða töluvskjám sem þið viðjið losna við sem skólinn gæti nýtt. Mega vera fartölvur eða borðtölvur en aðalmálið er að þær fari í gang. Ekki nauðsynlegt að þær séu nettengdar.

Einnig hefðum við not fyrir ýmis leikföng, spil og púsl í skólavistun skólans sem hluti nemenda í 1.-4. nýtir eftir að skóla lýkur kl. 13:50-16:30 alla daga.

Með kveðju, Hulda Kristjánsdóttir
Aðstoðarskólastjóri í Flóaskóla
hulda@floaskoli.is / 860-2906

Búnaðarfélag Vill- Gaul- og Stokkseyrarhrepps hafa ákveðið að hætta rekstri á haughræru. Því hafa þau ákveðið að bjóða til sölu 7 m haughræru árgerð 2010 með bilað drifskaft.

Upplýsingar hjá Kristjáni í Forsæti í síma 862-7532

Kökubasar í Þingborg til styrktar Brunavörnum Árnæssýslu

Laugardaginn 5. desember verður kökubasar í Þingborg frá kl. 13.00 til 17.00.

Seldar verða helstu jólakökur úr förum okkar kvenfélagskvemma, s.s. lagterturtur, flatkökur, tertur, smákökur, sultur o.fl. Einnig munum við selja kaffi, kakó og vöfflur á góður verði.

Kynningar verða á 2 bókum sem Sunnlenska bókakaffið gefur út, en Páll Benediktsson kynnir bók sína, Loftklukkan, en hún er ættarsaga höfundar og bernskuminningar. Einnig mun Harpa Rún Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur lesa úr bókinni Ljód og líf Helgu á Grjótá. Skáldkonan var ævilangt vinnukona á Grjótá í Fljótshlíð. Einnig verður Bókakaffið með bækur til sölu.

Síðan mun Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir ung stúlka í Lambhaga, kveða og syngja fyrir okkur með aðstoð móður sinnar, Margrétar Hörpu Guðsteinsdóttur.

Allur ágóði af basarnum og kaffisölunni mun renna til kaupa á sjálfvirku hjartastuðtæki fyrir Brunavarnir Árnæssýslu.

Hjartastuðtækin hafa oft sannað sig með björgun mannlífa en Brunavarnir eiga aðeins 2 stuðtæki, en 24 bifreiðar.

Við hlökkum til að sjá þig og munum taka vel á móti þér

ATH sveitungar góðir, ágóði af innkaupapokunum mun renna til Flóaskóla, til kaupa á hlutum sem þeim vantar, og verður nánar greint frá því síðar.

Kvenfélögin í Flóahreppi

Frá Umf. Baldri:

Þorablótshittingur

Við ætlum að hittast í Þingborg sunnudaginn 20. desember næstkomandi klukkan 20:00 til að byrja að setja saman þorablótsannálinn fyrir komandi þorablót. Förum yfir það markverðasta sem gerst hefur í Hraungerðishreppi hinum forna á árinu 2015. Allir sem eru fæddir 2001 og fyrr og vilja taka þátt í gríninu eru velkomnir.

E.s. Komist þú ekki á þennan fund en hafir frá einhverju markverðu atviki að segja endilega gaukaðu því að Gumma í Túni eða Baldri formanni svo það komist nú örugglega með í annálinn

Þorláksmessuheimsókn skritnu karlanna

Líkt og venja er fyrir fara Umf. Baldur og Kvenfélag Hraungerðishrepps í samstarf á Þorláksmessu um heimsókn skritinna karla. Þeir reikna að vera á ferðinni frá svona um kl. 12:00 til 17:00 og vilja endilega standast tímaáætlun, þar sem nóg er nú að gera hjá þessum sveinum á þessum árstíma. Reiknað er með að fara þessa hefðbundnu leið að byrja austast og vinna sig svo vestur úr í átt að Selfossi og enda á Langholts- og Reykjahringnum. Langi þig til að lauma einhverju á þessa karla mun umboðsmaður þeirra (Baldur Gauti) vera í Þingborg (ungmennafélagsherberginu) milli 15 og 17 þriðjudaginn 22. desember. Einnig má hringja í hann í síma 867-3538 bæði fyrir nánari ferðatilhögun sveinanna sem og ef ekki er hægt að koma sendingum til hans á áður nefndum tíma. Engin verðbólga er í þessari þjónustu og er verð það sama og verið hefur í mörg ár eða 1000 kr á hverja heimsókn.

Kvenfélag Hraungerðishrepps og Umf. Baldur

Aðalfundur Umf. Baldurs

Aðalfundur Umf. Baldurs verður haldinn í Þingborg þann 14. febrúar 2016 kl. 13:00. Á dagskrá eru þessi hefðbundnu aðalfundarstörf. Lagðar verða fram tillögur um samruna félagsins ásamt eignum þess við hið nýstofnaða ungmennafélag Þjótanda. Nánar auglýst síðar.

Þorrablot

Minnum á að hið sívinsæla þorrablot í Þingborg verður haldið laugardagskvöldið 6. febrúar 2016. Hljómsveit Geirmundar mun spila skagfirska sveiflu að loknum skemmtiatriðinu og borðhaldi. Nánar auglýst með dreifibréfi um miðjan janúar sem og á facebook.

Jóla- og nýárskeðja frá Umf. Baldri

Umf. Baldur óskar öllum félögum og öðrum velunnurum nær og fjær, sem og öllum lesendum Áveitunnar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og við þökkum fyrir samveruna á árinu sem er að líða.

Frjálsíþróttافرéttir

Mótið Gaflarinn var haldið í Kaplakrika 7. nóvember síðastliðinn. Keppnislið Þjótanda átti einn keppanda á mótinu sem stóð sig gífurlega vel og sigraði eina grein en það var Daði Kolviður Einarsson á Urriðafossi, 10 ára. Hér er árangur hans á mótinu:

60m hlaup	9,57sek	1. sæti
Langstökk	3,35m	5. sæti
Skutlukast	17,24m	2. sæti

Héraðsmót HSK í frjálsíþróttum 11 ára og eldri

Aldursflokkamót 11-14 ára, unglingamót 15-19 og fullorðinsmót HSK í frjálsíþróttum innanhúss verða haldin samtímis í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika sunnudaginn 10. janúar næstkomandi.

Yngsti hópurinn mun hefja leik kl 10:00 en unglingar og fullorðnir bætast í hópinn um kl 13:00. Um er að ræða stórt og skemmtilegt mót og Umf. Þjótandi ætlar sér að senda öflugt lið til keppni. Nánari upplýsingar og keppnisgreinar verða auglýstar í næsta tölublaði Áveitunnar.

Skýrsla undirbúningsnefndar stofnunar nýs ungmennafélags í Flóahreppi.

Á aðalfundum ungmennafélagana Baldurs, Samhygðar og Vöku sem haldnir voru í janúar 2015 var eftirfarandi tillaga samþykkt á öllum fundum:

“Aðalfundur Umf. haldinn í janúar 2015 lýsir áhuga á að unnið verði áfram að stofnun nýs ungmennafélags í Flóahreppi á grunni þeirra gömlu og að stofnuð verði 6 manna nefnd sem vinni áfram að þessu verkefni.”

Þar með hófst formlegur undirbúningur stofnunar nýs ungmennafélags. Áður höfðu formenn félaganna þriggja fundað um málið og í október 2014 var haldið vel heppnað málþing í Félagslundi þar sem hugmyndin var reifuð.

Í lok janúar hittust formenn ungmennafélaganna þriggja til þess að ákveða næstu skref í ferlinu. Formennirnir ákváðu að skipa nefndina á næstu dögum og hefja svo mánaðarleg fundarhöld um málið. Funda skildi í hverjum mánuði utan sumartímans. Fyrirfram ákveðin mál yrðu tekin fyrir á hverjum fundi og nefndin myndi skila af sér í nóvember 2015 þar sem ferlinu lyki með stofnfundi nýs félags. Á þessum fyrsta fundi var einnig rætt um mögulega styrki frá ÍSÍ og HSK sem hægt væri að fá vegna stofnunar nýrra félaga. Ákveðið var að hver formaður myndi fá með sér einn aðila af sínu gamla félagssvæði til þess að taka sæti í nefndinni og var nefndin fullskipuð í byrjun febrúar. Í nefndinni sátu:

f.h Umf Baldurs: Baldur Gauti Tryggvason formaður og Ágúst Hjálmarsson
f.h Umf Samhygðar: Stefán Geirsson formaður og Rannveig Arnadóttir
f.h Umf Vöku: Guðmunda Ólafsdóttir formaður og Örvar Rafn Hlíðdal

Fyrsti fundur fullskipaðrar nefndar var haldinn í febrúar 2015 og það sem tekið var fyrir á fundinum voru eignir félaganna. Ákveðið var að hlutum félaganna í félagsheimilunum Félagslundi, Þingborg og Þjórsárveri væri best komið í eigu Flóahrepps í stað þess að nýtt félag myndi eiga hlut í þremur félagsheimilum. Í staðin myndi ungmennafélagið gera Þjónustusamning við sveitarfélagið um afnot af húsunum fyrir íþrótaæfingar og hverskyns félagsstarf. Einnig væri hægt að gera samstarfssamninga við sveitarfélagið varðandi ýmsa viðburði sem ungmennafélagið gæti komið að s.s. Tónahátíð, 17. júní eða Fjör í Flóa. Horft var í samstarfssamninga milli annarra sveitarfélaga og ungmennafélaga t.d. umf. Selfoss og umf. Heklu þegar þetta mál var skoðað. Farið var yfir aðrar eignir félaganna og núverandi fjárhagsstöðu þeirra sem er góð hjá öllum félögum. Sérstaklega var talað um félagssvæði Umf. Baldurs í Einbúa og að best væri að svæðið færi áfram til nýs félags en haldið yrði áfram að sinna um það líkt og Umf. Baldur hefur gert hingað til.

Annar fundur nefndarinnar var haldinn í mars 2015 og á honum var stjórnskipulag nýs félags tekið fyrir. Ákveðið að best færi á því að hafa þriggja manna stjórn með tveggja manna varastjórn sem reynt væri að virkja sem mest. Lagt yrði upp

með þrjár fastar nefndir til að byrja með, íþróttanefnd, ritnefnd og skemmtinefnd en lög félagsins yrðu höfð opin fyrir stofnun nýrra nefnda eftir því hvar áhuginn lægi í félaginu á hverjum tíma. Einnig var ákveðið að hafa lög félagsins opin fyrir stofnun deilda.

Þriðji fundur var haldinn í apríl 2015 og þar var ásýnd félagsins rædd. Rætt var um hugsanlega einkennislíti félagsins auk þess sem tekin var umræða um nafn nýs félags. Ákveðið var að óska eftir tillögum að nafni í Áveitunni. Nefndin myndi svo vinna betur úr þeim tillögum en áskila sér rétt til þess að hafna þeim öllum.

Fjórði fundur var haldinn í ágúst 2015 eftir gott sumarfrí. Guðmunda lagði fram drög að lögum nýs félags. Drögin voru unnin upp úr lögum Umf. Baldurs, Umf. Samhygðar og Umf. Vöku auk þess að beinagrind að lögum frá ÍSÍ var notuð við uppsetninguna. Nefndin fór yfir löggin og lagfærði. Farið var yfir innsendar tillögur að nöfnum félagsins. Þau nöfn sem skiluðu sér inn voru: Umf. Smári, Umf. Fjóla, Umf. Þjótandi, Umf. Loftur og Umf. Flói. Ákveðið var að fara með kosningu nafnsins í Flóaskóla þar sem skólakrakkarnir fengu að kjósa nafn úr fjórum möguleikum. Möguleikarnir í boði í kosningunum voru: Umf. Fjóla, Umf. Þjótandi, Umf. Loftur og Umf. Flói. Ákveðið var að við sama tækifæri yrðu krakkarnir beðnir um að koma með uppástungu að einkennislitum félagsins. Einnig var rætt um að fara með merki nýs félags inn í skólann sem myndmenntarverkefni í samstarfi við myndmenntakennara. Á fundinum var einnig rædd fyrirspurn sem barst nefndinni um hvort heiðursfélagar gömlu félaganna yrðu heiðursfélagar í nýju félagi. Nefndin ákvað að það væri ekki rétt, heiðursfélagar héldu áfram nafnbótinni sem heiðursfélagar síns gamla félags en þeir yrðu ekki heiðursfélagar nýs félags. Heiðursfélagar gætu þó fengið að halda réttindum sínum innan nýja félagsins.

Fimmti fundur var haldinn í október 2015. Á fundinum var farið yfir niðurstöður nafnakosningarinnar sem fór fram í Flóaskóla. Umf. Þjótandi fékk meirihluta atkvæða í kosningunni. Á fundinum var einnig rætt um nýja stjórn og ákveðið að best væri að undirbúningsnefndin myndi stilla upp bráðabirgðastjórn sem myndi starfa frá stofnfundi fram að aðalfundi. Þetta myndi koma í veg fyrir það að einstaklingar sem hefðu ekki áhuga á stjórnarsetu yrðu kjörnir á stofnfundinum. Ákveðið var að halda kynningarfund í Þingborg 26. október til þess að fara yfir ákvarðanir og störf nefndarinnar.

Kynningarfundurinn var haldinn 26. október og var vel sóttur. Farið var yfir drög að lögum félagsins og fólki gafst tækifæri til að koma með athugasemdir um þau. Fundargestir spurðu spurninga sem nefndarmenn svöruðu eftir bestu getu.

Sjötti fundur nefndarinnar var haldinn 9. nóvember þar sem stofnfundurinn var skipulagður. Auk þess var ný stjórn fastsett.

Stofnfundur Umf. Þjótanda var svo haldinn mánudaginn 16. nóvember í Félagsslundi. Stofnfélagar voru 38 talsins og fundurinn vel heppnaður. Með stofnfundinum lauk störfum sameiningarnefndarinnar. Nefndin átti gott samstarf á því tímabili sem hún var starfrækt og undirbúningur stofnunar Umf. Þjótanda var nefndarmönnum góður félagsmálaskóli. Vonandi mun starf nefndarinnar vera Umf. Þjótanda góður grunnur til framtíðar.

f. hönd undirbúningsnefndar: Guðmunda Ólafsdóttir

Pilgrímaganga

Jakobsvegurinn er ein þekktasta pilgrímaleið í Evrópu, hann endar í dómkirkjunni í Santiago de Compostela í norð-vesturhluta Spánar, en hefst þar sem pilgrímurinn leggur af stað. Nafn sitt dregur vegurinn af Jakobi postula, en talið er að líkamsleifar hans hafi fundist þar sem nú er borgin Santiago de Compostela. Jakobsvegurinn á Spáni er nú á Heimsminjaskrá Unesco.

Fólk á árum áður fór í pilgrímagöngu til að fá syndaaflausn. Undanfarin ár hefur verið mikil vakning á pilgrímagöngum bæði hérlendis og víða erlendis, ef til vill hefur tölvuvæðingin og aukið áreiti gert það að verkum að fólk leitar leiða til að komast í burtu, tengjast náttúrunni, finna sjálfan sig og vera í þögninni með sjálfum sér á göngu og drekka í sig náttúruna til að öðlast innri frið.

Nú hefur verið ákveðið að bjóða uppá Pilgrímagöngu hér á Suðurlandi. Gangan hefst í Strandarkirkju og endar í Skálholti. Gengið er að jafnaði um 20 kílómetrar á dag í 5 daga. Gengið er í gegnum 5 sveitafélög og er Flóahreppur eitt þeirra. Á öllum dagleiðum liggur leið um kirkjur og verður gestabók pilgrímagöngufólks látin liggja frammi. En Ferðafélag Íslands hefur ákveðið að taka leiðina inn sem eina af nýjum leiðum félagsins næsta sumar og skipuleggur félagið fyrstu profugönguna nú í vor.

Ferðamannastraumurinn hefur aukist ótrúlega síðustu ár en yfirvöld hafa hvatt til þess að leitað verði leiða að finna ýmsa afþreyingu og auka dreifingu á ferðamönnum um landið. Með þessari gönguleið er komið til móts við þessa hvatningu ásamt því að hvetja landann til að kynnast og upplifa ennfrekar náttúruna, hvað hér er að finna og síðast en ekki síst að öðlast hugarró og innri frið.

Rósa Matthíasdóttir
Hraunmörk

Jólamessa í Gaulverjabæjarkirkju

Messað verður á jóladag 25. desember kl. 14:00 í

Gaulverjabæjarkirkju.

Sóknarprestur er Sr. Kristján Björnsson.

Gleðilega hátíð kæru sveitungar

Það eru breyttir opnunar tímar í Gallery Flóa í desember.

Fimmtudaginn 3. des 10:00-16:30

Föstudaginn 4. des 10:00-16:30

Laugardaginn 5. des 10:00-14:00

Fimmtudaginn 10. des 10:00-16:30

Föstudaginn 11. des 10:00-16:30

Laugardaginn 12. des 10:00-14:00

Mánudaginn 14. des 10:00-15:00

Þriðjudaginn 15. des 10:00-15:00

Miðvikudaginn 16. des 10:00-15:00

Fimmtudaginn 17. des 10:00-16:30

Föstudaginn 18. des 10:00-16:30

Laugardaginn 19. des 10:00-16:00

Sunnudaginn 20. des 10:00-14:00

Mánudaginn 21. des 10:00-18:00

Þriðjudaginn 22. des 10:00-18:00

Úrvals hönnunar handverk búið til í okkar góðu sveit.

Hægt er að skoða hér á www.fanndis.com

Jólakveðja

Fanndís, Gallery Flói í Gömlu Þingborg.

Frá Búnaðarfélagi Gaulverja:

Þeir sem hafa notað tæki Bf. Gaulverja árið 2015 er vinsamlegast beðnir að setja sig í samband við formann félagsins, Þorstein Ágústsson Syðra Velli, með upplýsingar um tækjanotkun á reiðu. Sími 486-3377 eða tölvupóstur velli@emax.is.

Stjórnin

Frá Samhygð:

Tilkynning til félaga í Umf. Samhygð

Þann 16. nóvember síðastliðinn var haldinn stofnfundur Umf. Þjótanda í Félagslundu. Nú eftir áramótin verður haldinn síðasti aðalfundur Umf. Samhygðar þar sem formlega verður gengið frá samruna Samhygðar inn í hið nýstofnaða félag Þjótanda. Þeir félagar Samhygðar sem óska ekki eftir að vera á félagaskrá Samhygðar sem færast sjálfkrafa inn í félagaskrá Þjótanda eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við formann Samhygðar, Stefán Geirsson, í síma 867-6907 eða í tölvupóst stegeir@hotmail.com.

Árgjald Umf. Samhygðar

Félagar eru minntir á að innheimta árgjalds Umf. Samhygðar fyrir árið 2015 stendur yfir. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald 1.000 kr. Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum. Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu á reikning Umf. Samhygðar 152-26-23817 kt. 471077-1359. Tilgreina verður nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar fást hjá gjaldkera Umf. Samhygðar Hugrúnu Geirsdóttir í netfanginu huggageirs@gmail.com. Innheimtu lýkur 31. desember.

Heimsókn á aðfangadag

Fyrir hádegi á aðfangadag verða góðir gestir á ferð á félagssvæði Samhygðar. Þessir kúnstugu sveinar heimsækja krakka í sveitinni og afhenda þeim glaðning sé þess óskað. Þeir sem vilja koma sendingu á sveinana síkátu skulu koma henni til Stefáns í Gerðum fyrir aðfangadag.

Umf. Samhygð óskar félögum og velunnurum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári um leið og við þökkum fyrir samveruna á árinu sem er að líða.

Pistillinn

Við berum öll ábyrgð

Ég vil byrja á því að þakka vinkonu minni Iðunni Ýr Asgeirsdóttur fyrir að skora á mig að skrifa Pistilinn í Áveituna, sem mér finnst mikill heiður.

Í síðasta hefti af Áveitunni, var spurt: Verður Flóahreppur snyrtilegasta sveitafélag Íslands? Já... ég er sannfærð um það, því hér býr nefnilega fólk sem setur sér stór markmið. Án markmiða fáum við engu áorkað, því eru þau nauðsynleg í daglegu lífi allra manna. Hugmyndir og framkvæmd þeirra eiga greiða leið hér í þessari sveit, einmitt vegna þeirra sem hér búa.

Þetta er samstillt átak allra íbúa í Flóahrepp, að hlúa að umhverfinu, opna augu okkar og sýna sveitinni okkar, þá virðinu sem hún á svo sannarlega skilið. Byrjum því á að taka til í túninu heima.

Stundum er það nefnilega þannig að við sem búum við þau forréttindi að búa í Flóahrepp, hættum að sjá hversu heppin við erum – við búum í sveit- samt svo stutt í alla þjónustu – nálægðin við ýmsar náttúruperlur, ríka samkennd og síðast en ekki síst - allt það menningarlíf sem uppá er boðið á verði sem þekkt ekki víða annars staðar á Íslandi, svo maður tali nú ekki um víðáttuna, mykrið, norðurljósin, fuglalífið og fegurðina.

Sóknaráætlun Suðurlands er eitt af þeim verkefnum sem verið er að vinna í. Þar er meðal annars verið að velta fyrir sér, hvað við viljum vera þekkt fyrir. En þar vermir eitt af fstu sætunum „hreinleiki“. Það er eitthvað sem Suðurland vill vera þekkt fyrir í víðum skilningi þess orðs.

En vandi fylgir vegsemd hverri. Við berum nefnilega líka ábyrgð á hvernig samfélagið okkar er og hvernig samfélagi við viljum búa í. Hvað þarf að laga og bæta og hverju þarf að skerpa á. Við þurfum endalaust að vera með opin augun fyrir umhverfi okkar, bæta það sem þarfnast lagfæringar og síðast en ekki síst að hugsa til sveitunganna, sýna hvort öðru tillitsemi og rétta hjálparhönd ef á þarf að halda. Þar getum við öll gert betur.

Í öllum samfélögum eru slúbbertar en það er á ábyrgð okkar hinna að benda þeim á að bera virðingu fyrir umhverfinu, eignum sínum og annara. Hjálpumst öll að til að gera Flóahrepp ein af ákjósanlegustu búsetukostum landsins. Þannig fáum við fólk til að flytja í okkar yndislegu sveit, ásamt því að verðgildi eigna okkar verður enn meira, þannig högnumst við öll. Verum því ábyrgir íbúar í Flóahrepp.

Ég vil skora á vinkonu mína hana Elínu Höskuldsdóttur á Galtastöðum að skrifa næsta pistil. Þar sem hún er á förum úr hreppnum, langar mig til að þakka henni af heilum hug fyrir alla hennar óeingingjörnu vinnu sem hún hefur innt af hendi fyrir okkur íbúa Flóahrepps með margra ára setu í sveitastjórn og um leið óska henni velfarnaðar.

Rósa Matthíasdóttir
Hraunmörk.

Glímufréttir:

Jón Gunnþór fjórðungsmeistari karla

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram á Hvolsvelli laugardaginn 21. nóvember. Þjótandi átti þar tvo keppendur sem stóðu sig með þrýði. Jón Gunnþór Þorsteinsson hampaði fjórðungsmeistaratitli í karlaflokki í fyrsta skipti og Smári Þór Svansson hafnaði í 4. sæti í flokki 12 ára stráka á sínu fyrsta glímumóti.

Staða Þjótandakvenna í mótarið GLÍ

Þjótandakonurnar Marín Laufey Davíðsdóttir og Guðrún Inga Helgadóttir hafa tekið þátt í tveimur mótum sem lokið er í meistarmótsröð Glímusambands Íslands. Staðan eftir tvær umferðir er sú að Marín Laufey leiðir stigakeppnina bæði í +65 kg flokki og opnum flokki kvenna og Guðrún Inga er í öðru sæti í -65 kg flokki og 6. sæti í opnum flokki kvenna. Lokamót meistarmótaraðarinnar fer fram 23. janúar í Reykjavík.

Glímuæfingar opnar fram að jólum

Glíma er æfð í Félagslundi á fimmtudagskvöldum kl. 20:00 til 21:30. Þjálfari er Stefán Geirsson. Í desember verða þessar æfingar opnar öllum börnum á grunnskólaaldri en síðasta æfing fyrir jólafrí verður 17. desember en æfingar hefjast síðan 7. janúar á nýju ári.

Marín Laufey valin í landsliðið

Glímusambandið hefur valið landslið Íslands sem tekur þátt í EM í keltneskum fangbrögðum sem fer fram í Brezt í Frakklandi í apríl og hefur Marín Laufey Davíðsdóttir verið valin í þann hóp sem fulltrúi Íslands í -90 kg flokki kvenna.

Frá Villingaholtskirkju

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól, gott og farsælt komandi ár. Megi aðventan og jólahátíðin verða ykkur öllum yndislegur tími með áherslu á samveru og frið í hjarta og huga. Munum eftir hvert öðru og leyfum kærleikanum og jólaboðskapnum að umvefja okkur öll . Við þökkum ykkur fyrir liðið ár og vonumst til að sjá sem flesta við helgiathafnir jólanna.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Jólafundur

Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg laugardaginn 12. desember kl. 11:00. Að fundi loknum verður hátíðarmatur í boði félagsins. Pakkaleikur: Allar koma með pakka, verðhugmynd 1000-1500 krónur.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar og eiga notarlega stund saman. Nýir félagar velkomnir.

Matarhópur: Sigurbára Rúnarsdóttir, Elin Magnúsdóttir, Þórhildur Rúnarsdóttir, Halla Kjartansdóttir, Þórunn Pétursdóttir, Bryndís Rósantsdóttir og Guðbjörg Sigurðardóttir.

Kveðja, Stjórnin.

Jólaball í Þingborg

Jólatrésskemmtun á vegum kvenfélags Hraungerðishrepps verður í Þingborg mánudaginn 28. desember kl. 14.

Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir og Stefán Þorleifsson sjá um tónlist. Dansað verður í kringum jólatréð og heyrst hefur að rauðklæddir sveinar ætli að koma og gleðja börnin. Kvenfélagskonur munið eftir að hafa með ykkur bakkelsi.

Fjölmennum og takið með gesti.

Skemmtinefnd Kvenfélags Hraungerðishrepps

Þorablót í Þjósárverri

Kæru sveitungar og aðrir áhugasamir nær og fjær!

Árlegt Þorablót í Þjósárverri verður haldið laugardagskvöldið 30. janúar næstkomandi.

Takið daginn strax frá og undirbúið ykkur undir skemmtilega kvöldstund með hlátri, áti og dansi fram á nótt.

Nánar auglýst síðar.

Bestu kveðjur
Þorablótsnefndin

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Opið hús mánudaginn 14. desember

Elín Bjarnveig í Egilsstaðakoti ætlar að bjóða okkur heim mánudagskvöldið 14. desember frá kl. 20.30.

Þar munum við eiga notalega stund við spjall og huggulegheit.

Allar konur eru beðnar um að koma með einn pakka, sem við gefum svo hver annarri og við þurfum einnig koma með eitthvað gómsætt á kaffiborðið.

Ég mun verða með kærleiksenglana til sölu en þið getið einnig haft samband við mig ef þið viljið kaupa þá áður.

Kæru konur

Guð gefi ykkur og fjölskyldum ykkar gleðileg jól, gott og farsælt komandi ár. Innilegar þakkir fyrir ómetanlegt starf á árinu við leik og störf, og ég hlakka til samstarfsins á næsta ári. Við erum sterkar saman og getum svo sannarlega látið gott af okkur leiða eins samhentar og við erum.

Njótum samveru við fjölskyldu og vini á aðventunni og jólahátíðinni.

Sólveig Þórðard.
formaður kvenfélags Villingaholtshrepps

Messuhald í desember í Villingaholts- Hraungerðiskirkjum

13. desember. Aðventustund í Hraungerðiskirkju kl. 16.00. Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, kirkjukórinn syngur undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar organista.

25. desember, jóladagur. Hátíðarguðspjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 11.00. Kirkjukórinn leiðir söng undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar organista. Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir.

26. desember, annar í jolum. Hátíðarguðspjónusta í Villingaholtskirkju kl. 11.00. Kirkjukórinn leiðir söng undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar organista. Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir.

Batasetur Suðurlands

Batasetur Suðurlands, virknimiðstöð fyrir einstaklinga með geðröskun hóf starfsemi í september sl. Skemmst er frá því að segja að það fer vel af stað og mikil ánægja með þetta verkefni. Í Batasetrinu hittist fólk með geðraskanir, talar um líðan sína og fær ráð hjá hver öðrum um hvað virkar hjá þeim. En einnig er unnið með valdeflingu þ.e. að fá völdin aftur í sínar hendur eftir að hafa þurft að láta þau af hendi í veikindum, bati er annað hugtak sem unnið er með þar sem rætt er að það megi ná bata af geðröskun, en hver gerir það á sinn hátt, oftast skilgreinir hver og einn sinn bata mismunandi og það getur verið með því að halda jafnvægi í daglegu lífi til þess að þurfa ekki lyf að staðaldri til að viðhalda þessu jafnvægi á meðan aðrir þurfa lyf til þess. Öll vinna fer fram á jafningjagrundvelli, þ.e. það er enginn sem er öðrum æðri og allir hafa jafnan rétt til að tjá sig um það sem þeir vilja. Allt sem fólk segir í Batasetrinu er undir trúnaði.

Batasetur er opið alla föstudaga frá 9:00-16:00 og er með aðstandendafundi annan hvern mánudag. Allir sem telja sig eiga erindi í annan hvern þessara hópa, eða báða eru hjartanlega velkomnir. Við erum til húsa að Skólavöllum 1 á Selfossi (á horni Skólavalla og Bankavegar) Hafa má samband ef frekari upplýsinga er þörf á netfangið batasetrid@gmail.com og á facebooksíðu Batasetursins: <https://www.facebook.com/Batasetur>.

Hlakka til að sjá ykkur

Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir

Forstöðumaður Bataseturs Suðurlands og iðjuþjálfari.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Vilt þú koma í ritnefnd Umf. Þjótanda?

Auglýst er eftir áhugasömu fólki til að taka sæti í ritnefnd Ungmennafélagsins Þjótanda. Um er að ræða vinnu við mánaðalega útgáfu fréttabréfsins Áveitunnar sem dreift er um Flóahrepp og víðar í um 270 eintökum. Æskilegt er að viðkomandi hafi bÍlpróf og einhverja reynslu af tölum og ljósritunarvélum. Áhugasamir hafi samband við formann nefndarinnar Fanneyju Ólafsdóttur sem fyrst.

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	3. desember
Kökubasar í Þingborg	5. desember
Glímuæfing	10. desember
Jólafundur Kvenfélag Hraungerðishrepps	12. desember
Aðventustund í Hraungerðiskirkju	13. desember
Opið hús Kvenfélag Villingaholtshrepps	14. desember
Glímuæfing	17. desember
Þorablótshittingur í Þingborg	20. desember
Þorláksmessuheimsókn í Hraungerðishreppi	23. desember
Skötuveisla í Þjórsárveri	23. desember
Jólasveinaheimsókn Umf. Samhygð	24. desember
Jólasveinaheimsókn Umf. Vaka	24. desember
Jólamessa í Hraungerðiskirkju	25. desember
Jólamessa í Gaulverjabæjarkirkju	25. desember
Jólamessa í Villingaholtskirkju	26. desember
Jólaball í Þingborg	28. desember
Jólatrésskemmtun í Félagslundi	29. desember
Þrettándagleði Umf. Þjótanda	8. janúar

Áveitan sendir lesendum sínum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári, með þökk fyrir samskiptin á árinu.

